

Undir hamrastáli sr. Sigurjóns Einarssonar

Út er komin bókin Undir hamrastáli, minningar sr. Sigurjóns Einarssonar sem lengi starfaði sem prestur og prófastur á Kirkjubæjar-klaustri. Undir hamrastáli dregur upp svipmiklar myndir af uppvexti hans í Arnarfirði, af minnisstæðum persónum og mannlífi sem nú heyrir um margt sögunni til.

Hann var einn þeirra guðfræðinga sem aðhylltist sósíalisma og í hinum hörðu átökum kalda stríðsins kallaði Morgunblaðið hann rúbluprest og festist viðurnefnið við hann.

Útgefandi er Mál og menning, 2006



Skammdegisvísur eftir Þorstein Jóhannsson Svínafelli

*Nú er lágt á lofti sól
og löng er nóttin svartá
en bráðum heilsa heilög jól
með helgiljómann bjarta.*

Þannig orti Þorsteinn Jóhannsson í Svínafelli. (1918-1998) Eftir hann liggja ótal ferskeytlur en hann hafði fleiri bragarhætti á valdi sínu, meðal annars dróttkveðinn.

*Skammur er dagur og skemmist.
Skaflar að veggjum leggjast.
Eyðast þær stundir óðum,
eygló sem birtu snyrtir.
Tíð eru váleg veður.
Varla er stætt á hjarli.
Eg mun þó una hógum
inni og fræðum sinna.*

Þorsteinn var barnakennari í Örfæfum um áratuga skeið. Oft gladdi hann nemendur með

stökum, bæði um það sem við bar í skólanum og af engu tilefni.

Um árabíl dvöldu nemendum af öllum bæjum sveitarinnar á Hofi, nema í jóla-og páskafríum

*Nú börn eru nú í skóla,
námfús, þæg og glöð í lund,
hlakka þau til helgra jóla,
heima dveljast þá um stund.*

Engin miðstöð var í skólahúsinu lengi vel og oft frostrósir á gluggum.

*Nú er kalt á klakajörðu,
kröftugum rómi vindur hvín,
rúður brynjast hrími hörðu,
hnípin eru börnin mín.*

Notast var við olíuofna til upphitunar og þegar kaldast var voru settir á þá

vatnspottar

*Pottarnir eins og píramídar,
prýða okkar stóra sal,
stíga frá glóðum gufur hvítar
gaddins veldi lækka skal.*

Enn er kuldi

*Fáðæmi er nú fólkið stillt,
fellur mér það vel.
Ekki er veðrið aftur milt
því úti er klakaskel.*

*Varið ykkur krakkar á Kára
hann kyssir stundum dálítið fast
með skeggbroddana skarpa og sára
ef skapið hans er úfið og hast.*

*Er kári byrstur hristir höll
en hjúpast skýjum sólin
þá börnin sitja inni öll
og eru að skrifa um jólin*

Gunnþóra Gunnarsdóttir tók saman



Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur, s. 863 2087.

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín á netfangið: skaftfellingar@simnet.is

**Skaftfellingafélagið í Reykjavík
óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra
gleðilegra jóla, árs og friðar.**

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

4. tbl. desember 2006

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthaf ef viðtakandi er fluttur

• Aðventustund 9. desember 2006 kl. 16



• Skammdegisvísur Þorsteinn Jóhannsson



• Spilakvöld 25. janúar 2007 8. febrúar 2007 22. febrúar 2007 8. mars 2007 kl.20:15



• Skálm Miðvikudaga kl. 19:30 Laugardaga kl. 11:00



Aðventustund

Skaftfellingafélagið og Söngfélag Skaftfellinga
standa fyrir aðventustund

sunnudaginn 9. desember 2006

í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178
og hefst samkoman kl. 16:00.

Söngfélag Skaftfellinga
flytur jólasöngva

Upplstur
Sr. Þórir Stephensen

Gengið verður kringum jólatré



Kaffiveitingar

Aðgangur kr. 800 fyrir fullorðna
(Frítt fyrir 17 ára og yngri)